



Fræðslumiðstöð Vestfjarða
Miðstöð símenntunar á Vestfjörðum

Samantekt um árið 2008
Rekstraráætlun 2009



Apríl 2009

Efnisyfirlit

Stjórn og starfsfólk	3
Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	3
Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða	3
Fulltrúar í fulltrúaráði Háskólaseturs Vestfjarða	4
Starfsfólk	4
Samantekt um starfsemina árið 2008.....	4
Húsnæði og búnaður	4
Sí- og endurmenntun.....	5
Námskeið	5
Annað nám	11
Framlög vegna mótvægisáðgerða	11
Náms- og starfsráðgjöf.....	11
Vika símenntunar	11
Þróunarverkefni.....	12
Atvinnuíslenka.....	12
Áttahagafræði á Ströndum.....	12
Nýjungar í ferðaþjónustu	12
Senior+.....	12
Samstarf	13
Kvasir	13
Leikn	13
FS-netið og Menntabréf	13
Annað samstarf	14
Rekstraráætlun 2009 (drög).....	15
Viðauki.....	16
Vika símenntunar á Vestfjörðum 2008	16

Stjórn og starfsfólk

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Fulltrúaráð Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða er skipað einum aðila frá hverjum stofnenda miðstöðvarinnar og einum til vara. Einu breytingar á skipan fulltrúaráðsins á milli aðalfunda urðu að Kristín Álfheiður Arnórsdóttir fór úr fulltrúaráðinu er hún lét af starfi framkvæmdastjóra Félags opinberra starfsmanna á Vestfjörðum. Eftirmaður hennar, Ólöf Hildur Gísladóttir, var tilnefnd sem aðalmaður í fulltrúaráðið í hennar stað.

Skipan fulltrúaráðsins er þá þannig:

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafultrúi
Alþýðusamband Vestfjarða	<i>Lilja Rafney Magnúsdóttir</i>	<i>Helgi Ólafsson</i>
Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða	<i>Ásgerður Þorleifsdóttir</i>	<i>Þorgeir Pálsson</i>
Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum	<i>Ólöf Hildur Gísladóttir</i>	<i>Gylfi Guðmundsson</i>
Fjórðungssamband Vestfjarða	<i>Ingi Þór Ágústsson</i>	<i>Valdemar Guðmundsson</i>
Menntaskólinn á Ísafirði	<i>Jón Reynir Sigurvinsson</i>	<i>Hildur Halldórsdóttir</i>
Náttúrustofa Vestfjarða	<i>Þorleifur Eiríksson</i>	<i>Böðvar Þórisson</i>
Svæðisskrifstofa um málefni fatlaðra á Vestfjörðum	<i>Sóley Guðmundsdóttir</i>	<i>Sigfríður Hallgrímsdóttir</i>
Útvegsmannafélag Vestfjarða	<i>Einar Valur Kristjánsson</i>	<i>Kristján G. Jóakimsson</i>
Vinnuveitendasamband Vestfjarða	<i>Einar Jónatansson</i>	<i>Kristján G. Jóhannsson</i>

Formaður fulltrúaráðsins er *Helgi Ólafsson* og varaformaður *Lilja Rafney Magnúsdóttir*.

Aðalfundur fulltrúaráðsins fyrir árið 2008 var haldinn mánudaginn 17. apríl 2008.

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða

Stjórn Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða var kjörin árið 2008 til tveggja ára. Hana skipa:

Kjörnir til tveggja ára á aðalfundi 2008.

Ásgerður Þorleifsdóttir. Varamaður hennar **Ingi Þór Ágústsson**.

Kristján G. Jóhannsson. Varamaður hans **Einar Valur Kristjánsson**.

Sóley Guðmundsdóttir. Varamaður hennar **Kristín Álfheiður Arnórsdóttir**.

Aðrir í stjórn frá 2008.

Jón Reynir Sigurvinsson, formaður, tilnefndur af MÍ. Varamaður hans **Hildur Halldórsdóttir**.

Helgi Ólafsson formaður fulltrúaráðs. Varamaður hans **Lilja Rafney Magnúsdóttir**, varaformaður fulltrúaráðs.

Á milli aðalfunda 2007 og 2008 hefur stjórnin haldið 7 bókaða fundi. Þá sat stjórnin stefnumótunarfund mánudaginn 3. mars með starfsfólki miðstöðvarinnar.

Fulltrúar í fulltrúaráði Háskóla Vestfjarða

Aðalmaður: Lilja Rafney Magnúsdóttir.

Varamaður: Ingi Þór Ágústsson.

Starfsfólk

Fastir starfsmenn í árslok 2008 voru:

- **Smári Haraldsson** forstöðumaður í 100% starfi.
- **Emilía Dagný Sveinbjörnsdóttir** sér einkum um rekstur námskeiða en sinnir jafnframt ýmsum öðrum verkefnum. Starfshlutfall 50%. Er að auki í 50% starfi hjá Vísindavef Háskóla Íslands með aðstöðu hjá Fræðslumiðstöðinni.
- **Gunnvör Rósa Marvinsdóttir** sér um ræstingar. Starfshlutfall um 20%.
- **Kristín Sigurrós Einarsdóttir**, verkefnastjóri á Ströndum og Reykhólahreppi. Starfshlutfall 50%. Kristín Sigurrós var áður tengiliður miðstöðvarinnar á Ströndum.
- **María Ragnarsdóttir** verkefnastjóri í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi. Starfshlutfall 100%, þar af 20% hjá Vinnumálastofnun. Við ráðningu Maríu var lagt niður samstarf við tengilið á svæðinu, sem Anna Jensdóttir hafði gengt.
- **Sigurborg Þorkelsdóttir** hefur umsjón með íslenskukennslu fyrir útlendinga, auk þess að vinna að ýmsum öðrum verkefnum. Starfshlutfall 50%.
- **Þuríður Sigurðardóttir** sér um bókhald, útgáfu reikninga, og sinnir auk þess ýmsum öðrum verkefnum. Starfshlutfall 75%.

Ráðin í einstök verkefni:

- **Björn E. Hafberg** vann við náms- og starfsráðgjöf á öllum Vestfjörðum, auk þess að kenna á nokkrum námskeiðum. Starfshlutfall um 50%.

Auk ofangreindra komu um 80 manns að kennslu fyrir miðstöðina. Laun og verktakagreiðslur (verktakalaun) til þeirra hafa verið um 14 mkr.

Samantekt um starfsemina árið 2008

Húsnæði og búnaður

Fræðslumiðstöð Vestfjarða rekur húsnæði á þremur stöðum á Vestfjörðum. Á Ísafirði leigir miðstöðin 319 m² húsnæði af Vestra ehf á 1. hæð að Suðurgötu 12. Miðstöðin flutti í þetta húsnæði af 2. hæð í sama húsi haustið 2008. Var það formlega tekið í notkun fimmtudaginn 16. október 2008. Á Patreksfirði leigir miðstöðin um 25,5 m² af Eignasjóði Vesturbyggðar í Þekkingarsetrinu Skor. Á Hólmavík leigir Fræðslumiðstöðin aðstöðu í Þróunarsetrinu á Hólmavík.


Í öllum húsakynnum Fræðslumiðstöðvarinnar er lögð áhersla á notalegt umhverfi sem býður fólk velkomið. Fólk á að finna að það sé velkomið og því á að líða vel hjá Fræðslumiðstöðinni. Það örvar fólk til náms. Eins og hjá hverju fyrirtæki sem selur þjónustu sína vill Fræðslumiðstöðin fá sem flesta til að líta við hjá sér.

Fjárfestingar á árinu 2008 voru einkum vegna aðstöðu í hinum nýju húsakynninum á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði. Þá var vélakostur tölvustofu á Ísfirði endurnýjaður og keyptar 13 nýjar fartölvur í hana.

Sí- og endurmenntun

Námskeið

Á árinu 2008 hélt Fræðslumiðstöðin 75 mismunandi námskeið (85 árið 2007) í 109 hópum (126) (1. mynd).



1. mynd. Fjöldi námskeiða og hópa hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000-2008.

Námskeiðshópar skiptust þannig að undir flokkinn *atvinnulíf* féllu 9 (9) hópar, undir *endurmenntun* 44 (51), undir *tómstundir* 19 (27), *tungumál* 24 (31) og undir *tölvur* 7 (5). Sex (3) hópar féllu undir annað.

Á árinu 2008 voru kenndar nokkrar námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. Á Hólmavík var kenndur síðari hluti *Grunnmenntaskólans* og fyrri hluti námskrárinnar *Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum*. Á Ísafirði var lokið kennsla á námskránni *Skref til sjálfshjálpar í lestri og ritun*, kenndur síðari hluti *Grunnmenntaskólans* og heill *Landnemaskóli*. Á Patreksfirði var kenndur fyrri hluti *Landnemaskólans*. Á Þingeyri var kenndur heill *Grunnmenntaskóli*.

Grunnmenntaskólinn er 300 kennslustundir, Landnemaskólinn 120 kennslustundir, *Nám og þjálfun í almennum bóklegum greinum* 300 kennslustundir og *Skref til sjálfshjálpar* er 60 kennslustundir. Heimilt er að meta námskrár Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til eininga á framhaldsskólastigi. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur með sérstökum samningi heimild Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins til kennslu þessara


námskráa, enda fylgi miðstöðin ákveðnum gæðakröfum við kennsluna. Þá veitir Fræðslumiðstöð atvinnulífsins styrki til kennslu námsskráanna, allt að ákveðinni hámarksupphæð sem samið er um tvisvar á ári.

Tölvukennsla hefur dregist saman síðustu árin. Þó ber að geta þess að í sumum námskrám Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er nokkur tölvukennsla, sem talin er með námskránum en ekki tölvukennslu.

Fræðslumiðstöðin gerði samning við *Fjölmennt – fullorðinsfræðslu fatlaða* um nám fyrir fatlaða og hélt 4 námskeið á grundvelli samningsins. Fleiri námskeið voru svo haldin á vorönn 2009. Heildarframlag Fjölmenntar er 1 mkr samkvæmt samningnum.


Námskeiðið *Vélgæsla* var haldið í samvinnu við Guðmund Einarsson. Sá hann um alla kennslu en Fræðslumiðstöðin annaðist auglýsingar, skráningu og útgáfu viðurkenninga.

Samanlagður fjöldi þátttakenda á öllum námskeiðum árið 2008 var 1.132 (1.361) (2. mynd).




2. Mynd. Fjöldi þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2008.

Árið 2008 voru námskeiðin samtals 25.628 nemendastundir (fjöldi þátttakenda margfaldað með lengd námskeiðs í kennslustundum) samanborið við 32.407 árið 2007 (3. mynd).




3. mynd. Fjöldi nemendastunda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2008.

Á árinu 2008 voru 168 þátttakendur í íslensku fyrir útlendinga og í Landnemaskólanum, samanborðið við 216 árið 2007. Íslenskukennsla fyrir útlendinga hefur dregist saman frá árinu 2003, en árin 2004 og 2005 eru ekki samanburðarhæf vegna þess að þá var ekki fjármagn í endurmenntunarsjóðnum Landsmennt (4. mynd a).




4. mynd a. Fjöldi nemenda í íslensku fyrir útlendinga árin 2000 – 2008. Landnemaskóli innifalinn.

Samdráttur í nemendastundum er minni vegna þess að námskeiðin eru nú yfirleitt lengri en áður, til samræmis við nýja námskrá (4. mynd b).




4. mynd b. Fjöldi nemendastunda í íslensku fyrir útlendinga árin 2000 – 2008. Landnemaskóli innifalinn.

Tekjur af símenntun voru um 29,7 mkr. (30,0) en gjöld um 19,3 mkr. (21,3). Tekjur umfram gjöld af símenntun voru því um 10,4 mkr. samanborið við 8,7 mkr. árið 2007 (5. mynd a). Þess ber að geta að hér hafa framlög vegna ráðgjafar verið dregin frá tekjum.




5. mynd. Tekjur og gjöld af símenntun hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2000 – 2008.

Eins og áður voru flestir þátttakendur á aldrinum 25-54 ára (6. mynd).




6. mynd. Aldursdreifing þátttakenda á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Konur voru 853 (75%) og karlar 279 (25%) (7. mynd).




7. mynd. Hlutfallslegur fjöldi karla og kvenna á námskeiðum hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða árin 2001- 2008.

Þátttakendur á námskeiðum voru víða af Vestfjörðum. Flestir voru frá Ísafirði og Hnífsdal (póstnúmer 400 og 410) og næstflestir frá Hólmavík (póstnúmer 510 og 512) (8. mynd).



8. mynd. Skipting þátttakenda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2007 eftir búsetu.

Hlutfallsleg dreifing eftir póstnúmerum gefur nokkra aðra mynd. Þátttakendur voru hlutfallslega flestir frá Þingeyri (póstnúmer 470 og 471) og næst flestir frá Hólmavík (9. mynd).



9. mynd. Hlutfallsleg skipting þátttakenda miðað við íbúafjölda á námskeiðum Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða árið 2008.

Annað nám

Fræðslumiðstöð Vestfjarða annaðist þjónustu við nemendur í námi fyrir skólaliða, sem fjarkennt var frá Verkmenntaskóla Austurlands. Þá hefur húsnæði Fræðslumiðstöðvarinnar á Ísafirði verið allnokkuð notað til kennslu af utanaðkomandi aðilum.

Framlög vegna mótvægisáðgerða

Fræðslumiðstöð Vestfjarða og Menntaskólinn á Ísafirði sóttu sameiginlega um framlög vegna mótvægisáðgerða vegna tímabundins aflasamdráttar. Stofnanirnar fengu styrki til 6 verkefna, samtals að upphæð krónur 24.200.000. Öll verkefni eru samstarfsverkefni þessara stofnana, en sitt hvor stofnunin er í forsvari fyrir hvert verkefni og ber á því fjárhagslega ábyrgð.

Verkefni sem Fræðslumiðstöðin ber ábyrgð á eru:

Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat,	styrkur kr. 5.000.000,-
Grunnmenntaskólinn á Þingeyri,	styrkur kr. 3.500.000,-
Lestur og ritun,	styrkur kr. 3.500.000,-
Tal- og vefsetning námsefnis fyrir útl.	styrkur kr. 1.800.000,-

Verkefni sem Menntaskólinn ber ábyrgð á eru:

Dreif- og fjarnámsstjórnun	styrkur kr. 5.400.000,-
Samfélagstúlkun	styrkur kr. 5.000.000,-

Verkefni *Náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat* og *Lestur og ritun* fóru aðeins lítillega af stað fyrir ármót 2008/2009, en miðar vel áfram á vorönn 2009. Önnur verkefni fóru strax af stað.

Náms- og starfsráðgjöf

Fræðslumiðstöð Vestfjarða fær styrk frá menntamálaráðuneytinu til náms- og starfsráðgjafar. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast deilingu fjáris og eftirlit með ráðgjöfinni fyrir hönd ráðuneytisins.

Samkvæmt úthlutunarreglum Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins fær Fræðslumiðstöð Vestfjarða sem nemur um hálfu stöðugildi á ári til þessa verkefnis. Hefur Björn E Hafberg náms- og starfsráðgjafi, unnið að verkefninu frá ársbyrjun 2007 þegar það fór af stað. Í upphafi var mikil þörf fyrir slíka ráðgjöf á Vestfjörðum, en hefur heldur dregið úr aðsókninni síðar. Enginn vandi hefur þó verið að skila þeim lágmarksfjölda viðtala sem samningar gera ráð fyrir.

Vika símenntunar

Menntamálaráðuneytið hefur undanfarin ár helgað símenntun eina viku á ári. Ráðuneytið fól að venju fræðslu- og símenntunarmiðstöðvunum á landsbyggðinni að annast framkvæmd vikunnar ásamt Mími – símenntun í Reykjavík. Auk menntamálaráðuneytisins styrkti Starfsmenntaráð vikuna.

Vika símenntunar 2008 var haldin 22. – 28. september 2008. Á Vestfjörðum sá Fræðslumiðstöð Vestfjarða um framkvæmd hennar í samvinnu við Félag opinberra

starfsmanna á Vestfjörðum, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Háskólasetur Vestfjarða, Menntaskólann á Ísafirði og Vinnumálastofnun. Var farið um Vestfirði og fyrirtæki og stofnanir heimsóttar. Á kvöldin var opnuð svokölluð *Menntakista* á nokkrum stöðum. Í Menntakistunni var kynning á notkun internetsins, náms- og starfsfræðsla, eldamennska við opin eld, gerð á berjasaft og skemmtiatriði. Á Hólmavík voru auk þess kynningar á námskránni Aftur í nám (Ron Davids). Á Ísafirði var dagskránni frestað til 16. október og þá opnuð hin nýja aðstaða á 1. hæð að Suðurgötu 12.

Skýrsla um framkvæmd vikunnar er í viðauka.

Þróunarverkefni

Fræðslumiðstöð Vestfjarða vann að allmörgum þróunarverkefnum á árinu 2008.

Atvinnuíslenka

Áfram var unnið að þessu verkefni, sem hófst árið 2007. Það felst í að tal- og vefsetja námsefni í íslensku, sem sérstaklega hefur verið tekið saman fyrir erlent starfsfólk í fiskvinnslu. Efnið var unnið af Guðrúnu Stelli Gissurardóttur og Soffíu Vagnsdóttur í samvinnu við Fjölmenningsarsetur. Fræðslumiðstöðin hefur tekið við verkefninu og samið við fyrirtækið *Á. Ingason ráðgjöf* um að vinna verkið auk fleiri smærri verktaka. Starfsmenntaráð hefur veitt styrk til verkefnisins, auk þess sem styrkur fékkst til verksins úr mótvæggissjóði. Stefnt er því að ljúka verkinu haustið 2009.

Áttthagafræði á Ströndum

Verkefni því um áttthagafræði á Ströndum, sem verið hafði í gangi síðan árið 2006, lauk á árinu. Samstarfaðilar voru Strandagaldur ses. og Sögusmiðjan. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

Starfsmenntaráð veitti auk þess styrk til nýs verkefnis á sama sviði, sem felst í að vinna námskeið upp úr gögnum sem tekin voru saman í fyrra verkefninu. Samið hefur verið Sögusmiðjuna um að vinna þetta verk.

Nýjungar í ferðapjónustu

Verkefni því um nýjungar í ferðapjónustu, sem verið hafði í gangi síðan árið 2006, lauk á árinu. Samstarfaðilar voru Markaðsskrifstofa Vestfjarða, Ferðamálasamtök Vestfjarða, Náttúrustofa Vestfjarða og Tourist Board Training (TBT) í Skotlandi. Verkefnið var styrkt af Starfsmenntaráði.

Starfsmenntaráð veitti auk þess styrk til nýs verkefnis á sama sviði, sem felst í að vinna námskeið upp úr gögnum sem tekin voru saman í fyrra verkefninu. Stefnt er að því ljúka þessu verkefni á árinu 2009.

Senior+

Fræðslumiðstöð Vestfjarða tók þátt í undirbúnings verkefni með aðilum frá Pirkanmaa í Finnlandi og Osló í Noregi, sem kallaðist Senior+. Undirbúningsverkefninu lauk á árinu 2008 og var þá haldið áfram með verkefni undir sama heiti. Auk fyrr nefndra aðila taka aðilar frá Litháen þátt í nýja verkefninu. Verkefnið er um stöðu sí- og endurmenntun fyrir eldri borgara (55 ára og eldri) í

aðildarlöndunum. Fulltrúi Fræðslumiðstöðvarinnar í verkefninu er Þuríður Sigurðardóttir.

Norræna ráðherranefndin styrkir verkefnið eins og undirbúningsverkefnið.

Samstarf

Fræðslumiðstöðin á í margvíslegu samstarfi, jafnt innan héraðs sem utan. Skulu hér nefndir helstu samstarfsaðilar.

Kvasir

Símenntunarmiðstöðvarnar hafa með sér formlegt samstarf innan samtaka sem kallast Kvasir. Þar til í mars 2009 voru allar miðstöðvarnar af landsbyggðinni. Mímir – símenntun í Reykjavík bættist í hópinn í mars 2009 og eru nú 10 miðstöðvar innan Kvasis. Hlutverk Kvasis hefur verið mjög þýðingarmikið fyrir fræðslu- og símenntunarmiðstöðvarnar á landsbyggðinni. Kvasir heldur tvo fasta fundi á ári, haustfund og vorfund, sem jafnframt er aðalfundur.

Helstu verkefni sem unnið er að innan Kvasis eru samskipti við menntamálaráðuneytið og fjárveitingavaldið, samskipti við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, rekstur Markviss greiningarkerfisins og ýmiskonar þróunarstarfsemi.

Kvasir er aukaaðili að Förbundet Nordisk Vuxenupplysning (FNV).

Leikn

Leikn eru heildarsamtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi. Rétt til aðildar að samtökunum eiga fræðsluaðilar eða frjáls félagasamtök sem hafa það meginhlutverk að bjóða fræðslu fyrir fullorðna, starfa til almannaheilla á samfélagslegum grunni (nonprofit), eru sjálfstæðir rekstraraðilar og starfa utan hins formlega skólakerfis. Aðilar að samtökunum eru nú 18.

Meginhlutverk samtakanna er að koma fram fyrir hönd fullorðinsfræðslunnar jafnt innan lands sem utan. Leikn starfar mikið með norrænum heildarsamtökum fullorðinsfræðslunnar, sem jafnframt starfa með fullorðinsfræðsluaðilum í Eystrasaltsríkjunum. Halda þessir aðilar tvo reglulega fundi árlega. Þá er Leikn aðili að Evrópsku fullorðinsfræðslusamtökunum (EAEA) og heimssamtökum fullorðinsfræðsluaðila (ICAE). Í starfi þessara samtaka hefur Leikn fengið norræna aðila til að fara með umboð sitt.

FS-netið og Menntabré

Fræðslumiðstöð Vestfjarða er tengiliður við FS-netið sem er háhraða gagnaflutningsnet sem þjónar framhaldsskólum og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni. Og fjarskipti, sem er dótturfyrirtæki Og Vodafone, er rekstraraðili netsins.

Fræðslumiðstöðin er eignaraðili að Menntabrunni, ásamt öðrum fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum á landsbyggðinni, Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Á hver þessara þriggja aðila 1/3 af brunni. Fræðslumiðstöð Vestfjarða á 1/9 af hluta fræðslu- og símenntunarmiðstöðvanna, eða 1/27 af brunni. Miðstöð brúarinnar er staðsett í Háskóla Íslands. Á árinu 2008 var brúin endurnýjuð.

Annað samstarf

Fræðslumiðstöð Vestfjarða á í margvíslegu samstarfi innan Þróunarseturs Vestfjarða og við Háskólasetur Vestfjarða.

Þá á miðstöðin í samstarfi við Menntaskólann á Ísafirði, Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra, grunnskóla á Vestfjörðum og stéttarfélag, auk margra fyrirtækja og stofnana í fjórðungnum.

Af aðilum utan fjórðungsins voru helstu samstarfsaðilar Framvegis – miðstöð símenntunar í Reykjavík, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mímir – símenntun, Fjölmennt, Starfsmenntaráð, Fræðsluatrið Starfsmennt, starfsmenntasjóðirnir Landsmennt, Ríkismennt, Sjómennt og Sveitamennt, Endurmenntun HÍ og Símenntunarstofnun KHÍ og Tækniskólinn.

Fræðslumiðstöðin gerðist á árinu 2008 stofnaðili að *Starfsendurhæfingu Vestfjarða* og er auk þess stofnaðili að *Háskólasetri Vestfjarða* og aðili að verkefninu *Vestfirðir á miðöldum*.

Rekstraráætlun 2009 (drög)

Drög að rekstraráætlun fyrir árið 2009 byggja á framlagðri langtímaáætlun frá aðalfundi fulltrúaráðs árið 2008. Í ljósi óvissu í efnahagsmálum er áætlunin lækkuð á útgjöldum og tekjum um rúm 20% frá langtímaáætlun.

	<u>Áætlun 2009</u>	<u>Reikn. 2008</u>	<u>Áætlun 2008</u>
Rekstrartekjur			
Sí og endurmenntun	29.480.000	29.730.989	30.120.000
Rekstrarframlög og styrkir	26.350.000	20.000.000	32.000.000
Markviss	400.000	80.000	400.000
Aðrar tekjur	2.200.000	9.789.765	1.200.000
Fjármagnstekjur		1.804.276	
	58.430.000	61.405.030	63.720.000
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	25.429.000	20.231.353	28.897.796
Kostnaður vegna sí- og endurmenntunar	19.000.000	18.957.580	22.590.000
Markviss	300.000	126.600	200.000
Húsnæðiskostnaður	6.000.000	3.947.458	3.755.000
Ritföng, pappír o.fl.	250.000	242.409	250.000
Kynningarefni og auglýsingar	1.500.000	2.483.274	1.500.000
Ferða- og viðskiptakostnaður	500.000	801.220	500.000
Gerð námsefnis	1.200.000		1.200.000
Málþing og samstarf	200.000		200.000
Rekstrarleiga tölvubúnaðar og ljósritunarvéla	200.000	194.306	200.000
Leikn		273.224	100.000
Yfirstjórn og annar kostnaður	3.500.000	3.917.994	2.480.000
Afskrifaðar tapaðar kröfur		259.722	
Fjármagnsgjöld		47.982	
Annar kostnaður		4.169.125	
Rekstrargjöld fyrir afskriftir	<u>58.079.000</u>	<u>55.652.247</u>	<u>61.872.796</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	<u>351.000</u>	<u>5.752.783</u>	<u>1.847.204</u>

Viðauki

Vika símenntunar á Vestfjörðum 2008

Vikan 22. – 28. september er tileinkuð símenntun, en þá mun Fræðslumiðstöð Vestfjarða í samvinnu við fleiri aðila heimsækja fyrirtæki og stofnanir á Vestfjörðum og kynna starfsemi sína. Á kvöldin verður m.a. opnuð Menntakista á nokkrum stöðum. Í menntakistunni er meðal annars að finna fróðleik um notkun internetsins, kynning á mennta- og ráðgjafarúrræðum sem standa fólki til boða og kynning ás þeim möguleikum sem bjóðast á styrkjum til náms. Ennfremur námskeið í matreiðslu við opinn eld, auk tónlistar og skemmtiatriða.

Markmið Viku símenntunar, sem nú er haldin í níunda sinn, er að auka símenntun í atvinnulífinu og hvetja fólk til að leita sér þekkingar alla ævi. Að þessu sinni er lögð áhersla á fræðslu í fyrirtækjum og sem fyrr að ná til þeirra sem hafa litla formlega menntun.

Vika símenntunar er styrkt af menntamálaráðuneytinu og Starfsmenntaráði.

Dagskrá vikunnar er sem hér segir:

Mánudagur 22. september.

Kl 13 – 17 Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir í Ísafjarðarbæ.

Kl. 20 – 22 Menntakistan opin í húsi Björgunarsveitarinnar á Þingeyri.

Þriðjudagur 23. september.

Kl 13 – 17 Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir úi Vesturbyggð og Tálknafirði.

Kl. 20 – 22 Menntakistan opin í Sjórneningjahúsinu á Patreksfirði.

Miðvikudagur 24. september.

Kl 13 – 17 Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á Reykhólahreppi.

Kl. 20 – 22 Menntakistan opin í Reykhólaskóla.

Þessi dagskrá féll niður vegna jarðarfara á Reykhólum.

Fimmtudagur 25. september.

Kl 10 – 12 Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir á Hólmavík og Drangnesi.

Kl. 20 – 22 Menntakistan opin í Þekkingarsetrinu á Hólmavík.

Föstudagur 26. september.

Kl. 20-22 Kynningarfundur á námskránni Aftur í nám (Ron Davids) í

Þekkingarsetrinu á Hólmavík. Sturla Kristjánsson og Jón Einar Haraldsson.

Fimmtudagur 16. október 2008.

Kl 16.15 – 18.15 Menntakistan opnuð á Ísafirði og húsnaði Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða á 1. hæð að Suðurgötu 12 tekið í notkun.